

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 201, 15. apríl 1981 um iðgjald til slysatrygginga  
skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.**

1. gr.

3. grein hljóði svo:

Iðgjöld skulu á árinu 1983 nema 0.23% af gjaldstofni skv. 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. laga 67/1971 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. apríl 1983.*

**Svavar Gestsson.**

Jón Ingimarsson.

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 23. janúar 1983, um takmarkanir á þorskveiðum  
togskipa árið 1983.**

1. gr.

2. tl. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Í 35 daga samtals á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst 1983, og þar af skal hvert skip láta af þorskveiðum í a. m. k. 20 daga á tímabilinu 1. júlí til 31. ágúst 1983.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Á þeim tíma, sem skip láta af þorskveiðum, sbr. 2. og 6. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en hér segir:

1. 5% í 30 daga

2. 15% í 40 daga

3. 30% í 30 daga.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1983.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

Jón B. Jónasson.